



SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2018-2019

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 15. maí 2019

Stjórn HRFÍ
stjorn@hrfi.is

Inngangur	3
Skrifstofa	3
Starfsmannamál	3
Húsnæðismál	3
Tölvukerfi; Gagnagrunnur	3
Ný persónuverndarlög	4
Nefndir HRFÍ	4
Reglubundið starf innan félagsins	4
Félagsmenn og ættbókarskráningar	4
Heilsufarspróf	5
Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ	5
Innflutningur hunda	5
Hundasýningar	5
Vinnupróf	6
Veiðipróf	6
Sólheimakot	7
Hundaskóli HRFÍ	7
Íþróttadeild	7
Þjónustu- og afrekshundar ársins	7
Ungmennadeild	7
Sýningadómarar	8
Veiðiprófsdómarar	8
Hringstjórar	8
Kynningar og fræðslustarf	10
Félagsblaðið Sámur	10
Starf ræktunardeilda	10
Hlutverk og verk svið ræktunardeilda	10
Starfsreglur ræktunardeilda	11
Reglugerð um skráningu í ættbók	11
DÍF: Endurskoðun ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins	11
Deildarsýningar	12
HRFÍ 50 ára 2019	12
Réttindamál	12
Endurskoðun reglna um einangrunarvistun hunda	12
Erlent samstarf	13
Á döfinni	13

Inngangur

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 15. maí 2019 en í henni er gerð grein fyrir margþættri starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2018 var haldinn á Hótel Cabin, Borgartúni 32, þann 17. maí. Á fundinum voru kjörin í stjórn Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson. Guðbjörg Guðmundsdóttir var kjörin varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Herdís Hallmarsdóttir, kjörin formaður, Daníel Örn Hinriksson, varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson, ritari. Meðstjórnendur voru Pétur Alan Guðmundsson og Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Guðbjörg Guðmundsdóttir var varamaður Auðar Sifjar og Þorsteins og Viktoría Jensdóttir varamaður Péturs Alans og Daníels Arnar.

Stjórn fundaði 14 sinnum á starfsárinu, þess utan nýtti stjórn sér fundarsíma símans til að ræða nokkur mál og afgreiddi líka erindi milli funda með tölvupóstum. Þá var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga, um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að, á milli funda. Á starfsárinu hefur 1 fulltrúaráðsfundur verið haldinn.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í húsnæði félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Á skrifstofunni starfa þær Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir sem sinnir m.a. afgreiðslu og verkefnastjórn og Stefanía Fanndís Björgvinsdóttir sem sinnir m.a. útgáfu ættbóka og heilsufari. Bókhald félagsins er fært hjá Reglu.is.

Starfsmannamál

Erna Sigríður Ómarsdóttir hætti störfum í mars 2018 og tók Stefanía Björgvinsdóttir við starfi hennar í maí 2018. Hilda Björk Friðriksdóttir hætti störfum á haustmánuðum 2018 og tók Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir við starfi hennar í ágúst 2018.

Húsnæðismál

Félagið er eigandi að einkahlutafélaginu Ra ehf. sem er aftur eigandi að skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 15 þar sem skrifstofa félagsins er til húsa. Félagið skuldar vegna kaupa á hlutafé í Ra 23 milljónir króna en lánið hvílir á fasteigninni. Húsnæðismál félagsins eru í sífelltri skoðun hjá stjórn.

Formleg erindi voru send á bæjarráð Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Reykjavíkur og Mosfellsbæjar þar sem beðið var um viðræður um mögulegt samstarf og stuðning við félagið varðandi framtíðarhúsnæði þess einnig var fundað var með Fákí vegna mögulegs samstarfs í framhaldi af hugmyndum borgarinnar um samstarf við félagið. Fundir hafa enn sem komið er ekki leitt til niðurstöðu.

Staða á húsnæðismálum félagsins er sú að fasteignin í Síðumúla 15 er sem stendur á sölu en engin tilboð hafa borst í hana, nokkrir hafa þó sýnt henni áhuga. Leit að ákjósanlegu húsnæði hefur enn ekki borið árangur en sú leit heldur áfram.

Þetta er langtímaverkefni og ljóst að ákvörðun um sölu félagsins eða fasteignarinnar og kaup á annarri fasteign telst meiriháttar fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefði ákvörðunarvald um.

Tölvukerfi; Gagnagrunnur

Staða á tölvukerfi félagsins og gagnagrunni hefur verið í brennidepli sem áriðandi verkefni í starfsemi félagsins í fjöldamörg ár og ekki ofsögum sagt að brýn nauðsyn var að grípa til aðgerða án tafar.

Það var því gleðiefni þegar DKK samþykkti að ganga til samstarfs við HRFÍ og bjóða okkur aðstoð sína en í apríl á síðasta ári var staðfest að félaginu býðist aðgangur að danska kerfinu. Strax frá upphafi var ljóst að það yrði í skrefum. Eins og fram kom í síðustu skýrslu stjórnar var vonast til að fyrsta skref í upptöku kerfisins myndi takast á árinu 2018. Það tókst með sameiginlegu átaki stjórnar, skrifstofu og sýningarnefndar á starfsárinu og er það mikið fagnaðarefni.

Óhætt er að segja að nútímavæðing hafi orðið í starfsemi félagsins með upptöku sýningarkerfisins frá DKK og í framhaldi af upptöku þess á sýningum var hægt að opna fyrir þann möguleika að félagsmenn skrái sjálfir hunda sína á netinu á sýningar.

Margir fletir eru á kerfisbreytingum og upptöku nýs verklags fyrir bæði starfsmenn og félagsmenn og enn er verið að slípa til ýmis atriði tengd þessu. Sú vinna mun halda áfram á árinu og er þolinmæðisverk sem mun krefjast aðlögunar. Vinna að því að ná að stíga næstu skref í upptöku kerfisins verða því í forgrunni en annað skrefið felst í að taka upp félagatal og það þriðja, sem er jafnframt það flóknasta ættbókar- og heilsufarsskráningar.

Ný persónuverndarlög

Á tímabilinu voru ný persónuverndarlög samþykkt og í framhaldi var fengin ráðgjöf frá laganefnd félagsins um hvernig félagið ætti að bera sig að. Atriði eins og birting eigendaupplýsinga á heimasíðum deilda og félagsins þurfti að athuga og ljóst að samþykki þarf fyrir birtingu slíkra upplýsinga. Drög að persónuverndarstefnu liggja fyrir og verið að er að leggja lokahönd á verkið.


Nefndir HRFÍ

Stjórn félagsins getur skipað nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins. Í dag eru 14 nefndir starfandi hjá félaginu og nefndarmenn samtals um 60 talsins.

Reglubundið starf innan félagsins

Félagsmenn og ættbókarskráningar

Áframhaldandi vöxtur er í hefðbundnu starfi félagsins. Ættbókarskráningar síðustu fimm ára hafa haldist nokkuð stöðugar en þeim fjölgaði frá árinu 2017 um 63 ættbækur. Félagsmönnum fækkaði nú í fyrsta sinn frá 2015.



Heilsufarspróf

Aukning varð á augnskoðunum á milli ára um 9% og voru 699 hundar skoðaðir á árinu. Fjórar augnskoðanir voru á vegum félagsins, þrjár í Reykjavík og ein á Akureyri. Það voru dönsku dýralæknarnir, Jens Knudsen og Susanne Kaarsholm, sem skoðuðu hundana. Heildarfjöldi mjaðmamundaðra (HD) hunda hefur aukist en myndun olnboga (ED) stendur í stað.

Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ

Stjórn óskaði á síðasta tímabili eftir því við ættbókar- og staðlanefnd, að nefndin endurskoðaði reglugerð um skráningu í ættbók með hliðsjón af reglum FCI og reglugerð um dýravernd. Eins vann nefndin almennan samanburð á þeim kröfum sem gerðar eru um heilsufarsskoðanir í þeim tilgangi að samræma reglurnar betur og gera þær aðgengilegri. Stjórn samþykkti uppfærða reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók og taka nýju reglurnar gildi 1. júní 2019.

Reglugerðin var samræmd nýjum lögum og málsmeðferðarreglum (e. Standing Orders) hjá FCI. Eins var passað að hún væri til samræmis við gildandi ræktunarreglur (e. Breeding rules) hjá FCI. Einungis er búið að uppfæra almennan hluta reglnanna og stefnt er að því að halda almennan félagsfund til að kynna reglurnar og uppfæra kafla um ræktunarskilyrði á næsta starfsári. Horft verður til Norðurlandanna og upprunalands hveftrar tegundar og verður sú vinna unnin í samráði við deildir félagsins og vísindanefnd.

Stjórn ákvað einnig að pörun tegundanna rough og smooth collie yrði háð samþykki stjórnar á hverjum tíma og að sérstaklega þyrfti að sækja um undanþágu til pörunar í hvert sinn.


Innflutningur hunda

Innflutningur hunda stendur í stað en 92 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu 2018 á móti 90 á fyrra ári. Þrjár nýjar tegundir voru skráðar í félagið á árinu, German Hunting Terrier (FCI ræktunarmarkmið no. 103, Miniature Bull Terrier (FCI ræktunarmarkmið no. 359) og Skye Terrier (FCI ræktunarmarkmið no. 75).

Hundasýningar

Alls hélt félagið sex sýningar fyrir allar tegundir á árinu og bættist við ein sýning frá árinu 2017 sem jafnframt var útisýning. Haldnar voru þrjár alþjóðlegar sýningar og þrjár NKU Norðurlandasýningar. Ný tegund sýninga NKU Norðurlandasýningar voru afar vel heppnaðar. Hvolpasýningar voru á föstudegi hverja sýningarhelgi og voru þær fjórar talsins. Sýningarnar sem haldnar voru yfir vetrartímamann voru haldnar í Víðidal en útisýningar á nýjum stað á Víðistaðatúni í Hafnarfirði við góðar undirtektir félagsmanna. Með upptöku sýningarkerfis DKK, tölvuvæðingu sýninga og í framhaldi netskráningum er óhætt að segja að hundasýningar félagsins hafi verið nútímavæddar á tímabilinu.

Félagsmenn voru að venju duglegir að skrá á sýningar en heilt yfir jukust skráningar um tæplega 300 eða um 7%. Þó enn megi sjá aukningu í skráningum er hún minni en á fyrra ári þegar aukning á milli ára var 12%



Á myndinni má sjá fjölda skráðra hunda ásamt fjölda sýninga félagsins á ári frá árinu 2013.

Árið 2018 voru 584 hvolpar sýndir á sýningum félagsins á móti 650 árinu áður og er það fækkun frá fyrra ári. Breytingar voru gerðar á einkunnagjöf hvolpa á sýningum í lok árs á meðal annars til að aðlaga okkar einkunnagjöf að löndum FCI og Skandinavíu og einnig að sýningarkerfinu sem var tekið upp á árinu.

Stigahæsti hundur ársins með samtals 53 stig var rakkinn Pom4you Greatest Lover Of All Time af tegundinni Pomeranian. Stigahæsti öldungur ársins með 53 stig var Hálsakots Dream A Little Dream af tegundinni Papillon. Stigahæsti ræktandi ársins með 63 stig var María Björg Tamimi sem ræktar dverg schnauzer undir nafninu Svartwalds. Í öðru sæti með 57 stig voru Arna Rúnarsdóttir og Rúna Helgadóttir en þær rækta schäfer undir nafninu Gjósku. Í þriðja sæti með 53 stig var Auður Valgeirsdóttir sem ræktar tibetan spaniel undir nafninu Tíbráar Tinda.

Vinnupróf

Vinnuhundadeild bauð upp á ný hlýðnipróf á árinu og er það fjölgun um tvö próf frá fyrra ári. Skráningar voru 54 í þau próf. Fjögur sporapróf voru haldin og náðu níu hundar viðurkenndri einkunn í þeim prófum. Deildin er metnaðarfull og starfið blómlegt. Deildin heiðraði hlýðni- og sporhund ársins en það var hundurinn Abbadís í eigu Þórhildar Bjartmarz sem hlaut báða titla.

Veiðipróf

Fjölgun varð á heildarskráningum í veiðipróf um 5% og voru það veiðipróf í tegundahópi 7 sem skýra þá fjölgun. Undir merkjum tegundahóps 7 voru 358 skráningar í samtals þrettán veiðipróf og er það fjölgun um tvö próf frá fyrra ári. Fuglahundadeild var með fjögur veiðipróf á árinu. Vorstehdeild var með þrjú próf. Deild enska setans (DESÍ) var með fimm próf og Írsk setterdeild með eitt próf á sínum vegum. Tíu veiðipróf fyrir sækjandi hunda voru haldin hjá Retrieverdeild og voru 109 skráningar í þau próf. Prófin voru dæmd af íslenskum og erlendum dómurum.

Sólheimakot

Kotið er mikið notað af félagsmönnum fyrir opin hús hjá tegundahópum 7 og 8, hvolpasamkomur, námskeið, veiðipróf, fundi og fleira. Biðstaða hefur verið á framkvæmdum vegna óöryggis um framtíð kotsins.

Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. Í ár var boðið upp á sextán hvolpa- og grunnnámskeið og þrjú hlýðninámskeið. Kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir.

Íþróttadeild

Íþróttadeild hefur boðið upp á hundafiminámskeið, æfingar og próf en fjögur námskeið voru haldin á árinu og þrjú mót. Deildin hefur búið við aðstöðuleysi undanfarin ár auk þess sem tækin sem hún hefur nýtt sér eru úr sér gengin. Stjórn í samstarfi við Íþróttadeild hefur leitað leiða til að fá styrki til að flytja inn tæki frá Galican auk þess sem deildin óskaði eftir að fá að halda námskeið til fjáröflunar. Stjórn fól einnig Íþróttadeild veitingasölu á útisýningum félagsins sem þau sinntu við góðan orðstír til að afla fjár. Með átaki og dugnaði deildarinnar hefur nú verið fjárfest í nýjum tækjum og vonir standa til þess að þátttaka í hundafimi aukist í kjölfarið.

Þjónustu- og afrekshundar ársins

Þjónustu- og afrekshundar ársins 2018 voru heiðraðir á nóvembersýningu félagsins.

Þjónustuhundur ársins var hundurinn Morris en hann hefur starfað sem björgunarhundur allt sitt líf en er nú komin á eftirlaun. Morris vann stanslaust allan ársins hring alla daga ársins tilbúinn í útkall og á 6 ára tímabili sinnti hann með eiganda sínum Jóhönnu Þorbjörgu Magnúsdóttur nánast öllum leitarbeiðnum sem bárust. Hann hefur líka kennt börnum að umgangast hunda, aðstoðað við lestrarkennslu og unnið með eiganda sínum sleitulaust í öll þessi ár.

Afrekshundur ársins varð labradorinn Leynigarðs Glaumur. Tilnefninguna hlaut hann fyrir sinn hlut í lífi stúlku sem glímir við sjaldgæft heilkenni en hann á einstakt samband við hana og fjölskyldu hennar. Hann er í eigu Ásdísar Gunnarsdóttur og Garðars Arons Guðbrandssonar og kemur frá Leynigarðs ræktun. Ávallt er ánægjulegt að vekja athygli á hundum sem vinna góðverk með nærveru sinni.

Ungmennadeild

Öflugt barna- og ungmennastarf er í félaginu og heldur Ungmennadeild HRFÍ utan um það. Deildin býður meðal annars upp á sýningarþjálfanir fyrir unga og eldri sýnendur ásamt því að Dagur Ungmennadeildar hefur verið haldinn hátíðlegur þar sem sýnendum á öllum aldri gefst tækifæri á að spreyta sig í sýningarhringnum. Þessum degi er ætlað að vekja áhuga barna og ungmenna á hundasportinu. Stjórn samþykkti einnig nýjar starfsreglur Ungmennadeildar á haustmánuðum 2018 og hafa þær þegar tekið gildi.

Stigahæsti ungi sýnandi ársins 2018 í yngri flokki var Freyja Guðmundsdóttir. Vaka Víðisdóttir var stigahæst í eldri flokki og var fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts árin 2018 og 2019.

Deildin og félagið geta verið stolt af þeim keppendum sem kepptu á erlendri grundu á starfsárinu. Vaka Víðisdóttir keppti fyrir Íslands hönd á Crufts 2018. Á heimssýningunni í Amsterdam, Hollandi var Ingunn Birta Ómarsdóttir fulltrúi Íslands í úrslitum og komst hún áfram í tíu sýnenda úrslit. Berglind Gunnarsdóttir var fulltrúi Íslands á Evrópusýningunni í Varsjá, Póllandi.

Nordic Winner-sýningin fór fram í Lillestrøm í Noregi í nóvember. Landslið Íslands skipuðu þær Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir, Lovísa Helenudóttir, Stefanía Stella Baldursdóttir og Vaka Víðisdóttir. Vaka komst áfram í tíu keppenda úrslit í einstaklingskeppninni. Stóðu þær sig með mikilli þrýði undir leiðsögn Rannveigar Gauju Guðbjartsdóttur, landsliðsþjálfara. Rannveig Gauja tók við starfi Auðar Sifjar Sigurgeirsdóttur sem landsliðsþjálfari á árinu.

Sýningadómarar

Í ár stóð sýningadómaranefnd fyrir prófum hjá starfandi dómurum á nýjar tegundir og er það þriðja árið sem félagið stendur fyrir slíkum prófum. Í dag eru 11 sýningadómarar hjá félaginu. Nýr sýningadómari bættist í hópinn á tímabilinu en Þorbjörg Ásta Leifsdóttir fékk dómaraéttindi 2019. Vonir standa til þess að sýningadómarar félagsins haldi áfram að læra og bæta við sig tegundum auk þess að fá aukna reynslu af dómaraströfum.

Veiðiprófsdómarar

Í framhaldi af viðræðum við NKK um samstarf um menntun fuglahundadómara var nefnd skipuð um menntun þeirra en hún annast skipulag, undirbúning og menntun dómara. Í nefndinni situr fulltrúi NKK Andreas Björn ásamt þeim Svafari Ragnarssyni og Agli Bergmann en allir eru þeir reyndir dómarar. Reglur um nám fuglahundadómara voru samþykktar og liggja til grundvallar um nám í tegundahópnum. Vonast er til þess að betri umgjörð um námið muni leiða til vaxtar og frekari áhuga á dómaranámi.

Þeir Jens Magnús Jakobsson og Hávar Sigurjónsson bættust við hóp dómara fyrir sækjandi hunda og Guðni Stefánsson fékk íslensk réttindi fyrir sækjapróf í tegundahópi 7.

Hringstjórar

Tvö hringstjóranámskeið voru haldin á tímabilinu og voru þau bæði vel sótt. Við vonumst til að þátttakendur skili sér í starf félagsins í framhaldi. Ásta María Karlsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir bættust við í hóp hringstjóra félagsins.

Upplýsingar 2013-2018	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Hvolpar	1148	1094	1078	1308	1244	1307
Got	260	260	251	294	274	305
Meistarastigssýningar (allar teg)	1	1	3	1	1	3
Alþjóðlegar sýningar (allar teg)	3	4	4	4	4	3
Deildarsýningar	8	4	9	6	6	5
Félagsmenn	1889	2078	1916	3061	3421	3117
Deildir	30	30	30	29	29	29
Skráðir hundar á árinu	1233	1179	1159	1406	1343	1399
Skráðir hundar frá upphafi ca	17696	18875	20034	21440	23698	25097
Augnskoðaðir hundar	557	535	600	600	643	699
Sýndir hundar (allar sýn)	3508	4075	5025	3847	4270	4491
Sýndir hundar (all breed sýningar)	2989	3722	4312	3450	3907	4188
Sýndir hundar (deildarsýningar)	446	144	518	397	363	303
Sýndir hundar (hvolpasýningar)	73	209	195	517	650	584
Nýjar tegundir á árinu	4	1	4	4	1	3
Innfluttir hundar	70	81	69	98	90	92

Upplýsingar 2013-2018	2013	2014	2015	2016	2017	2018
HD (alls)	60	65	89	135	133	160
AD (alls)	64	67	84	73	68	67
HD (sent í gegnum HRFÍ)	70	79	111	83	52	70
AD (sent í gegnum HRFÍ)	32	40	60	45	21	29
Ræktunarnöfn	20	37	18	26	34	34
Vinnuþróf/skapperðarmat	68	72	85	101	68	61
Veiðipróf tegundahópur 7 & 8	457	437	431	390	423	467
Námskeið hundafimi	19	19	45	32	30	28
Námskeið Hundaskóli	79	81	83	63	117	136

Kynningar og fræðslustarf

Félagsblaðið Sámur

Félagið gefur út félagsblaðið, Sámur í þeim tilgangi meðal annars að fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda. Blaðið kom út tvisvar á árinu, í júní og desember. Nýr ritstjóri tók við stjórn Sáms en Svava Björk Ásgeirsdóttir, ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ. Öflug 13 manna ritnefnd undir stjórn Svövu gerir félaginu mögulegt að gefa út blaðið svo því sé sómi af.

Starf ræktunardeilda

Hlutverk og verksvið ræktunardeilda

Í dag eru 25 ræktunardeildir innan HRFÍ sem hafa það hlutverk að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina sem varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnun ber að halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun. Að endingu er deildum ætlað það hlutverk að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyra.

Stjórnir ræktunardeilda bera ábyrgð á starfi þeirra en geta leitað til stjórnar eftir stuðningi og leiðsögn. Fulltrúaráð félagsins er samkvæmt lögum félagsins samráðsvettvangur stjórnar HRFÍ og ræktunarstjórna. Þar geta ræktunarstjórnir komið að ábendingum og gagnrýni á starf innan félagsins eða regluverk þess.

Samkvæmt lögum félagsins ber deildum að halda ársfundum frá janúar til loka mars á hverju ári þar sem kosið er í stjórn. Þá skulu deildirnar skila skýrslu um starf liðins árs til stjórnar HRFÍ ásamt skýrslu um fjárhag. Skýrslu skal skilað fyrir 15. apríl ár hvert. Í lok þessa starfsárs eru 5 deildir sem ekki hafa skilað ársskýrslu og stjórn því ekki verið upplýst um starf þeirra. Um er að ræða Pincher-, Mastiff- og Fjallahundadeild, Grefil og sporhundadeild, Shi Tzu deild, Siberian Husky deild og Yorkshire terrierdeild. Vakin er athygli á því að stjórn HRFÍ er skylt að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki í þrjú ár í röð haldið ársfund né skilað stjórn HRFÍ gögnum. Skylda þessi var lögfest á aðalfundi félagsins 2017 og stjórn mun í fyrsta sinn hafa heimild til þess á aðalfundi félagsins 2020. Lögð var áhersla á að endurvekja starf í þeim deildum sem legið hafa í dvala á tímabilinu og funduðu fulltrúar stjórnar með nokkrum deildum með það að leiðarljósi. Smáhundadeild ásamt spítzhundadeild hafa báðar fundað á árinu og ný stjórn tók til starfa í þeim báðum eftir enga starfsemi í nokkur ár. Fleiri deildir biða endurvakningar.

Starfsreglur ræktunardeilda

Starfsreglur ræktunardeilda liggja á heimasíðu félagsins og við hvetjum félagsmenn, og sérstaklega stjórnir ræktunardeilda, að kynna sér þær.

Reglugerð um skráningu í ættbók

Breytingar voru gerðar á reglugerð í ættbók að tillögu ræktunar og staðlanefndar varðandi viðaukaskráningu, eða í tilviki innfluttra hunda sem ekki eru með fulla þrjá ættliði skráða í ættbók en henni var ábótavant í reglum félagsins og samræmdist ekki reglum FCI. Eins barst erindi varðandi orðalag á NCP sem verður skoðað í framhaldi af nýjum reglum um skráningu í ættbók.

Ræktunar- og staðlanefnd lauk uppfærslu reglugerðar HRFÍ um skráningu í ættbók á tímabilinu. Taka nýju reglurnar gildi 1. júní 2019. Reglugerðin var samræmd nýjum lögum og málsmeðferðarreglum (e. Standing Orders) hjá FCI. Eins var passað að hún væri til samræmis við gildandi ræktunarreglur (e. Breeding rules) hjá FCI. Einungis er búið að uppfæra almennan hluta reglnanna og stefnt er að því að halda almennan félagsfund til að kynna reglurnar og uppfæra kafla um ræktunarskilyrði á næsta starfsári. Horft verður til Norðurlandanna og upprunalands hverrar tegundar og verður sú vinna unnin í samráði við deildir félagsins og vísindanefnd.

Mikilvægasta hlutverk ræktunardeilda er því að standa vörð um ræktun. Stjórn, í samráði við ræktunarstjórnir og að fengnu álit vísindanefndar og eftir atvikum ættbóka- og staðlanefndar, setur kröfur um heilsufarspróf einstakra hundakynja og reglur og/eða takmarkanir um undaneldi hunda. Á starfsárinu voru að beiðni Fuglahundadeildar settar heilsufarskröfur á Bracco Italiano. Þrjár beiðnir bárust um afléttingu ræktunarbanns sem voru samþykktar og ein um tímabundna afléttingu ræktunarbanns sem var hafnað. Beiðni um undanþágu á skráningu á íslenskum fjárhundi var samþykkt með fyrirvara.

DÍF: Endurskoðun ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins

Eitt af helstu markmiðum félagsins er að standa vörð um ræktun og markmið íslenska fjárhundsins, þjóðarhunds Íslendinga. Endurskoðun ræktunarmarkmiðs, sem verið hafði í gangi í rúm tíu ár, lauk á árinu eftir að það var kynnt fyrir ræktendum íslenska fjárhundsins og öðrum áhugasömum félagsmönnum og þeim var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Staðlanefnd FCI samþykkti svo breyttan staðal fyrir Íslenska fjárhundinn og var hann birtur í breyttri mynd þann 3. júlí 2018 og þar með var staðfest sú vinna sem farið hefur fram í tengslum við tegundarmarkmiðið síðustu ár.

Deildarsýningar

Deildarsýningar voru alls fimm talsins en ein deild hélt tvöfalda sýningu. Schnauzerdeild, Fjár og hjarðhundadeild, Cavalierdeild, Retrieverdeild héldu hver sína deildarsýningu og Schäferdeild hélt tvöfalda afmælissýningu. Heilt yfir varð fækkun á hundum sem sýndir voru á deildarsýningum eða um 17%.

HRFÍ 50 ára 2019

HRFÍ var stofnað 4. september 1969 og mun því fagna 50 ára afmæli 2019. Stefnt er því að halda veglega afmælishátíð. Afmælisnefndin hefur fundað í fjölmörg skipti ásamt því að boða fulltrúa deilda til fundar við sig til að kanna hvaða áherslur þær hefðu í afmælishaldi. Á næstunni stendur til að kynna dagskrá en meðal annars verður haldið upp á tímamótin á ágúst sýningu félagsins.

Réttindamál

Endurskoðun reglna um einangrunarvistun hunda

Einangrunarmál og endurskoðun reglna vegna hefur verið endurtekið á borði stjórnar þetta tímabilið. Eftir áralanga baráttu innan félagsins til að fá fjögurra vikna einangrunarvistun hunda endurskoðaða og endurmetna, féllst fyrrum landbúnaðarráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, loksins á það á fundi með formanni félagsins og laganefnd að ráðast í nýtt áhættumat. Með þessu fallast stjórnvöld á að skoða hvort aðstæður hafi breyst frá síðasta áhættumati sem framkvæmt var fyrir fjórtán árum, 2004. Eins bentu fulltrúar félagsins á ágalla við þá aðferð sem beitt var við gamla matið. Var lögð á það áhersla að matið yrði framkvæmt af óháðum erlendum aðilum og fékk ráðherra danskan sérfræðing, dr. Preben Willeberg, til að framkvæma matið. Félagið fylgdi þessu eftir og fékk að funda með Willeberg og var sjónarmiðum félagsins komið á framfæri við hann. Þannig var farið yfir þau bréfaskrif og þá fundi sem félagið hafði í aðdragandanum átt við ráðuneytið og MAST. Eins var farið yfir íslenska regluverkið og borið saman við skilyrði í öðrum löndum, svo sem Bretlandi, Ástralíu og Nýja Sjálandi og þróunina sem hefði átt sér stað í þessum löndum. Var lögð áhersla á nauðsyn þess að meðalhófs yrði gætt og að í áhættumatinu yrði skoðað hvort aðrir möguleikar en einangrun gætu skilað sama árangri. Átti að skila áhættumati um miðjan apríl 2018.

Þegar var farið í að yta á eftir matinu með ítrekuðum fyrirspurnum bæði til ráðuneytisins og einnig með fréttlaflutningi af töf matsins. Þingmenn Viðreisnar meðal annars Þorgerður Katrín sem heimilaði áhættumatið á sínu tíma lögðu fram fyrirspurnir á Alþingi og ítrekað var matinu lofað innan skamms. Stjórn félagsins fékk einnig formenn NKU eða Norrænu hundaræktarfélaganna til að senda frá sér sameiginlega yfirlýsingu í tengslum við einangrun hunda og mikil áhersla var lögð á að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri á sem mest áberandi hátt. Skýrslan sem lofað var í apríl 2018 birtist svo rúmu ári síðar eða í byrjun apríl 2019.

Um leið og skýrsla Dr. Willeberg var birt í byrjun apríl 2019 var sett af stað fjölmiðlaherferð í tengslum við innihald skýrslunnar en mjög mikilvægt var að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri sem allra fyrst. Vel tókst til og staðfesti Sjávarútvegs og Landbúnaðarráðherra á Alþingi að haft yrði samráð við félagið við ákvörðun um hvort tilefni sé til að rýmka reglurnar og/eða gera vistina bærilegri fyrir dýrin. Áframhaldandi áhersla verður lögð á að koma að borðinu við vinnslu skýrslunnar og að koma okkar sjónarmiðum á framfæri.

Erlent samstarf

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund Evrópuráðs FCI í Póllandi í október. Á þeim fundi var Herdís Hallmarsdóttir kjörin skoðunarmaður reikninga Evrópuhlutans. Fulltrúar HRFÍ sóttu ekki aðalfund FCI í Shanghai í apríl 2019 en DKK fékk umboð til að greiða atkvæði fyrir hönd félagsins á fundinum. Tveir NKU fundir voru haldnir á árinu og var annar fundurinn haldinn hér á landi í október 2018 en fulltrúar félagsins gátu ekki sótt seinni fund samtakanna. Ný samstarfsnefnd ungmennadeilda NKU félaganna (e. Youth Committee) fundaði hér á landi í febrúar 2019. Hafdís Jóna Þórarinsdóttir er fulltrúi Íslands í nefndinni en Auður Sif Sigurgeirsdóttir varafulltrúi. Þess má geta að það var hugmynd þeirra Auðar Sifjar og Hafdísar að endurvekja nefndina sem hefur verið í nokkur ár.

Mikið hefur verið lagt í að rækta samstarf okkar við Norðurlandabjórðirnar og var meðal annars gefin út sameiginleg yfirlýsing til stuðnings baráttu okkar í einangrunarmálum og ekki þarf að nefna stuðning þann sem Danska hundaræktarfélagið hefur veitt okkur í tengslum við tölvukerfi okkar.

Á döfinni

Mikið hefur áunnist í réttindamálum hundaeigenda síðustu ár en betur má ef duga skal. Niðurstaða áhættumats Dr. Willeberg gefur til kynna að mögulegt sé að draga úr lengd einangrunarvistar hunda og verður allt kapp lagt á það að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Samkvæmt svörum ráðherra verður félagið kallað til sem umsagnaraðili í þeirri vinnu sem nú fer fram hjá Matvælastofnun og ráðuneytinu og er það loforð til marks um að tekist hafa að vekja þá athygli á málinu sem þörf var á til að okkar sjónarmið heyrist. Sú vinna mun því halda áfram á næsta tímabili. Þá þarf ávallt að berjast fyrir áframhaldandi breytingum á hollustureglugerðinni.

Innleiðing á tölvukerfi DKK verður áfram stór þáttur í starfsemi félagsins og er langtímaverkefni sem mun krefjast aðlögunar og mikillar vinnu. Ekki er enn hægt að sjá fyrir hvenær innleiðingunni lýkur. Vel hefur tekist til að innleiða sýningarhluta kerfisins þó því sé ekki að fullu lokið og vonir standa til þess að næstu skref muni ganga vel. En þegar þau mál eru komin í farveg blasir við að endurskoða þarf heimasíðu félagsins og hlýtur það mál að vera ofarlega á lista þeirra mála sem ný stjórn kýs að leggja áherslu á. Áframhaldandi vinna í húsnæðismálum félagsins verður áfram fyrirferðamikil í starfi stjórnar enda gæti komið til breytinga þar á næstunni.

Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag - áhugamannafélag - og fólkið sem þar starfar að einstökum hugarefnum sínum gerir það að mestu leyti í sjálfbóðastarfi. Stjórn vill nota tækifærið og þakka af heilum hug þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að fjölbreytt starfsemi félagsins fengi að blómstra og dafna á síðasta starfsári. Félagið okkar styrkist með hverju ári og rödd okkar er farin að heyrast betur í opinberri umræðu en mest um vert er að almennir félagsmenn verða sífellt virkari í starfinu, sýna meira frumkvæði og taka ábyrgð. Okkur þykir öllum vænt um þennan félagsskap og viljum veg hans sem mestan. Það er bæði gaman að vera saman en það gerir okkur líka að sterkum hornsteini góðrar hundamenningar á Íslandi.

Reykjavík 15. maí 2019


Herdís Hallmarsdóttir formaður




Daníel Örn Hinriksson, varaformaður




Þorsteinn Thorsteinson, meðstjórn.



Guðbjörg Guðmundsdóttir, varastjórn



Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari



Pétur Alan Guðmundsson, gjaldkeri



Viktoría Jensdóttir, varastjórn

